

Fundur stýrihóps fagráðs um símenntun og starfsþróun kennara, 12. mars kl. 8.30-10

Mættir

Sigurjón Mýrdal, Aðalheiður Steingrímsdóttir, Edda Kjartansdóttir, Klara E. Finnbogadóttir (í forföllum Gunnars Gíslasonar) og Sólrún Harðardóttir. Ársæll Guðmundsson og Svanhildur M. Ólafsdóttir boðuðu forföll.

Fundarstaður

Mennta- og menningarmálaráðuneytið

Umræðuefni

- Fundur í fagráði 19. mars
 - Punktur til ráðherra
 - Dagskrá
 - Lesefni til fagráðs
- Hvernig kemur starfsþróun kennara og skólastjórnenda fram í lögum, reglugerðum og í kjarasamningum?
 - Vinna hjá Kennarasambandinu
- Önnur mál

Fundur í fagráði 19. mars

Staðfest er að Illugi Gunnarsson menntamálaráðherra komi á fundinn, líklega um miðbik hans (~14.30). Sólrún og Sigurjón munu ganga frá punktunum til hans. Í punktunum komi skýrt fram að vinnan sé komin verulega af stað, hugur sé í fólki og tillögur muni bera þess merki að málefnið sé tekið föstum tókum. Rætt var um hvers fagráðið vill sérstaklega spyrja ráðherra. Farið var yfir dagskrána og munu Sigurjón og Sólrún snyrta hana og tímasetja í framhaldi af umræðu á fundinum. Efni til að senda út til fagráðsins: 1) bréf um hlutverk, ábyrgð og skyldur, 2) greinargerð vinnuhóps um „sjóðaskýrsluna“, 3) greinargerð vinnuhóps um *Future Teachers...* og tillaga frá ritnefnd um upplýsingaveitu.

Hvernig kemur starfsþróun kennara og skólastjórnenda fram í lögum, reglugerðum og í kjarasamningum?

Aðalheiður velti fyrir sér hvernig stýrihópur sæi fyrir sér þetta verkefni og var það niðurstaða að til að byrja með væri einvörðungu afritaðir textar úr núgildandi lögum, reglugerðum og kjarasamningum sem fjalla um eða tengjast starfsþróun kennara.

Önnur mál

Ákveðið var að reyna að tímasetja annan fund í fagráðinu í lok apríl eða byrjun maí. Gott væri ef sú dagsetning yrði komin fyrir fundinn á fimmtudaginn. Jafnframt var rætt að gott væri að tímasetja og huga að skipulagningu fundar um hlutverk, ábyrgð og skyldur hagsmunaaðila. Sólrúnu og Aðalheiði falið það verkefni.